

Tónmennt 6

Markmið með þessari lotu er að:

Nemendur þjálfist í að syngja í hóp, læri lög og ljóð, þjálfri taktskyn og virka hlustun. Einnig notkun skólahljóðfæra, að semja tónverk og tjá sig með viðeigandi hugtökum um tónlist.

Námsgögn sem við notum:

Hljóðupptökur, myndbönd, sönglög, hljóðfæri, spjaldtölvur

Kennsluhættir í lotunni:

Tónlistariðkun, hlustun, sköpun, tjáning, bein kennsla, jafningjafræðsla, undirbúningur jólaskemmtunar, hreyfing og dans.

Námsmat:

Endurgjöf í kennslustundum, símat, skrifleg verkefni, gátlistar. Mikil áhersla á þátttöku í verkefnum hvers tíma.

List- og verkgreinar sameiginleg fyrir 5.-7. bekk - Menningarlæsi

- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar.
- Tekið tillit til annarra í hópvinna og sýnt frumkvæði.
- Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Tónmennt fyrir 5.- 7. bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**

Tónmennt fyrir 5.- 7. bekk - Tónmennt

- Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun.
- Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það.
- Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.
- Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr.